



**SKIPULAGS OG MATSLÝSING.
BREYTING Á AÐALSKIPULAGI
SVEITARFÉLAGSINS ÖLFUSS 2020-2036 OG
DEILISKIPULAG VEGNA SMÁVIRKJUNNAR**
Nýtt orkuvinnslusvæði fyrir Ölfusvirkjun

Maí 2023

21463

https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint/Project1459/Documents/Skipulagslýsing/21463_skipulagslýsing_211111.docx

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
01	3.2.2022	HTT	GJ	GJ
02	15.5.2023	HTT	GJ	GJ

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

Unnið fyrir:



SVEITARFÉLAGIÐ
ÖLFUS

Hafnarberg 1, 815 Þorlákshöfn



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
1.1	Skipulags- og matslýsing	3
2	Forsendur – gildandi skipulag	4
2.1	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036	4
2.2	Deiliskipulag	6
2.3	Orku- og auðlindastefna Ölfuss	6
3	Viðfangsefni breytingartillögu aðalskipulags og deiliskipulags	6
4	Umhverfismat breytingartillögu – forsendur mats	7
4.1	Nálgun og áherslur umhverfismats breytingartillögu	7
4.2	Valkostir	9
4.3	Mat á umhverfisáhrifum Ölfusvirkjunar	10
5	Kynning og samráð	11
5.1	Skipulagsferlið og helstu áfangar	11
5.2	Umsagnaraðilar	11


1 Inngangur

Orkustofnun gaf út rannsóknarleyfi árið 2018 til Reykjavík Geothermal ehf. til rannsókna á mögulegum jarðhita í Ölfusafretti í samræmi við lögu nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Umsókn var framlengd 2021 til 30. júní 2025. Sjá má rannsóknarsvæðið á /í Mynd 1-1.

Eftir frekari skoðun á suður hluta svæðisins, í grennd við Fjallið eina, er stefnt að því að þar verði reist virkjun sem hefur fengið vinnuheitid Ölfusvirkjun. Fyrstu rannsóknir benda til þess að þarna sé að finna nægjanlegan jarðhita.

Næsta stig rannsókna snýst um að afla frekari upplýsinga með borun djúpra rannsóknarhola. Reiknað er með að alls þurfi að gera 3 borteiga á svæðinu, bora 5 jarðhitaholur og 2-3 vatnsholur. Ákveðið hefur verið að tilraunaboranir fari fram á þremur borteigum sunnarlega á rannsóknarsvæðinu á svæði sem er litað bleikt á suðurhluta rannsóknarsvæðisins sbr. Mynd 1-1. Ef rannsóknarholurnar reynast vel verður þeim breytt í vinnsluholur fyrir virkjunina.

Stefnt er að virkjun með framleiðslugetu allt að 9,8 MW af rafmagni og 49,5 MW af varma. Virkjuninni er ætlað að anna eftirspurn frá iðnaðarsvæðum við Þorlákshöfn.



Mynd 1-1 Rannsóknarsvæði afmarkað með bláu, sbr. rannsóknarleyfi Orkustofnunar dags. 3.12.2018

1.1 Skipulags- og matslýsing

Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 30. og 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006 og ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021.

Skipulagslýsing er fyrsta skrefið í undirbúningi skipulagsáætlana og er ætlað að upplýsa hagaðila og umsagnaraðila strax í byrjun um fyrirhugaða tillögugerð, viðfangsefni hennar og áherslur í þeirri skipulagsvinnu sem framundan er.


Jafnframt skal haft samráð við Skipulagsstofnun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu. Um fyrirhugað umhverfismat breytingartillögu er fjallað í 4. kafla lýsingarinnar.

2 Forsendur – gildandi skipulag

2.1 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036

Stefna og landnotkun á fyrirhuguðu breytingarsvæði

Svæðið sem til skoðunar er fyrir nýtt orkuvinnslusvæði fyrir jarðhitavirkjun, Ölfusvirkjun, er staðsett við Fjallið eina suðaustur af Bláfjöllum, sjá mynd 2-1. Orkuvinnsla kallar skilgreiningu iðnaðarsvæðis undir virkjun og verður nákvæm staðsetning þess, stærð og afmörkun ákvörðuð í fyrirhugaðri breytingartillögu.



Mynd 2-1 Sveitarfélagsuppdráttur Aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036, rauður hringur sýnir það svæðið sem til skoðunar er fyrir nýtt orkuvinnslusvæði

Landnotkun á fyrirhuguðu breytingarsvæði er skilgreind sem óbyggð svæði í gildandi aðalskipulagi. Um óbyggð svæði gilda eftirfarandi ákvæði:

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði.

Svæðið er jafnframt vatnsverndarsvæði, nánar tiltekið fjarsvæði vatnsbóla.

Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi:

- Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp í flokki grannsvæða. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu.

- b) *Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.*

Hverfisverndarsvæði (H2) sem tekur til Hlíðarvatns, Selvogsheiði, Brennisteinsfjalla og Herdísavíkur nær yfir hluta breytingarsvæðisins. Ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar eru þessi:

- a) *Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar á svæðinu.*
- b) *Framræsla votlendis á svæðunum er óheimil. Stefnt er að endurheimt votlendis þar sem því verður við komið.*
- c) *Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.*
- d) *Nákvæm skráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.*

Gönguleið frá Eldborgum að Bláfjöllum og megin reiðleið úr Jósepsdal að Geitafelli og þaðan til suðurs liggja um svæðið sem breytingin tekur til.

Svæði er á hraunbreiðu sem kennt er við Heiðina há sem rann úr Brennisteinsfjöllum fyrir meira en 4.000 árum. Hraun sem runnið hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma, eru jarðminjar sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Meginmarkmið aðalskipulags

Meginmarkmið aðalskipulagsins er að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir öflugt atvinnulíf og gera búsetu á svæðinu eftisóknaverða. Er m.a. áhersla lögð á eftirfarandi markmið:

- að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu lóðaframboði undir fjölbreyttan iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi.
- að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda, þ.e. grunnvatns, vindorku, jarðvarma, sjávarfalla, vatnsafls og osmósu virkni.
- að stuðla að varðveislu sögu- og náttúruminja og annarra umhverfislegra gæða sem m.a. styrkir búsetuskilyrði og ferðaþjónustu á svæðinu.
- að standa vörð um vernd grunnvatns sem auðlindar, bæði sem neysluvatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.

Markmið aðalskipulags um iðnað

Í stefnu aðalskipulag um iðnaðarsvæði eru sett fram eftirfarandi markmið:

- Stuðlað verði að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir atvinnu og byggð á svæðinu.
- Uppbygging iðnaðarsvæða verði í sátt við náttúruna og þess gætt að ekki verði raskað sérstökum jarðmyndunum eða náttúruminum, fágætum tegundum dýra og plantna og búsvæðum þeirra.
- Samfelldum, lítt skertum landslagsheildum skal viðhalda eins og framast er kostur.
- Ávallt verði fullkomnustu tækni beitt til að draga úr loftmengun frá iðnaði.
- Kannaðir verði fleiri og fjölbreyttari virkjanakostir í sveitarfélaginu.

Við mótun breytingartillögu er horft til ofangreindra markmiða gildandi aðalskipulags, svo sem um könnun fleiri virkjunarkosta í sveitarfélaginu, hagkvæma nýtingu orkulinda, uppbyggingu iðnaðarsvæða í sátt við náttúruna og um að renna styrkari stoðum undir atvinnu og byggð í Ölfusi.

2.2 Deiliskipulag

Á svæðinu sem til skoðunar er fyrir nýtt iðnaðarsvæði er ekki í gildi deiliskipulag.

Tillaga að deiliskipulagi verður unnin fyrir borsvæðið og verður hún auglýst samhliða tillögu að breytingu aðalskipulags.

2.3 Orku- og auðlindastefna Ölfuss

Þá er forsenda aulindanýtingar á svæðinu að sveitarfélagið Ölfus og íbúar þess njóti góðs af aðlindum í sveitarfélaginu, að samfélag og umhverfi njóti hags af nýtingu auðlinda í lögsögu sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Ölfus mun hafa forgang að allri orku frá smávirkjuninni, bæði heitt vatn og rafmagn (ef því verður við komið). Samstarf og samráð við Sveitarfélagið Ölfus er höfuðforsenda verkefnisins.

3 Viðfangsefni breytingartillögu aðalskipulags og deiliskipulags

Viðfangsefni breytingartillögu aðalskipulags er að:

- Staðsetja og afmarka orkuvinnslusvæði fyrir jarðhitavirkjun, Ölfusvirkjun, á nýju iðnaðarsvæði.
- Setja fram stefnu og ákvæði um landnotkunina, þ.e. orkuvinnslustarfsemina innan nýja iðnaðarsvæðisins og fyrirkomulag uppbyggingar til leiðsagnar fyrir deiliskipulagsgerð og til grundvallar útgáfu leyfa til framkvæmda.
- Skilgreina þarf lagnaleiðir fyrir heitavatnslögn og raforkuflutninga frá orkuvinnslusvæðinu að Þorlákshöfn, sem er um 15 km vegalengd
 - Til skoðunar er að fara austur eða vestur fyrir Geitafell og fylgja að hluta fyrirhuguðum línuleiðum háspennulína frá Hellisheiði, Þorlákshafnarlínum 2 og 3 sem eru þegar skilgreindar í aðalskipulagi.
- Valkostagreining staðsetningar iðnaðarsvæðis virkjunar og lagnaleiða m.t.t. umhverfis og landnotkunar.
- Umhverfismat breytingarinnar, með áherslu á áhrif tillögu á náttúrufar, loftslag, samfélag og auðlindir.

Viðfangsefni deiliskipulags eru m.a. að móta skipulagsskilmála um borteiga, borholur, öflun og förgun vatns þ.e. skolvatns, borsvarfs og jarðhitavökva og um aðkomu að svæðinu og frágang framkvæmdasvæðis:

- Afmörkun framkvæmdasvæðis, borteigar, stærðir og staðhættir.
- Skilmálar um borteiga: Staðsetning, lega, stærðir, mengunarvarnir, frágangur og landmótun.
- Aðkoma að borteigum og tækjabúnaður á þeim.
- Umhverfismat deiliskipulags, með áherslu á jarðmyndanir, grunnvatn, gróður, loftgæði, verndarsvæði, útivistarsvæði og ásjúnd.

4 Umhverfismat breytingartillögu – forsendur mats

Umvhverfismat tillögu að breytingu aðalskipulagsins tekur mið af nákvæmni og efnistöfum aðalskipulags og stigskiptri áætlanagerð þar sem ítarlegra mat fer fram á við deiliskipulagsgerð og mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

4.1 Nálgun og áherslur umhverfismats breytingartillögu

Við umhverfismatið er áhersla lögð á að meta áhrif breytingartillögu að því leyti sem hún vísar frá gildandi aðalskipulagsstefnu. Til hliðsjónar verður Forsendur og Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036.

Helstu áhrifaþættir breytingartillögu á umhverfið felast í mannvirkjagerð, fráveitu og auðlindanýtingu, sem felst í borun eftir jarðhita.

Umvhverfisþættir sem líklegt er að breytingin hafi áhrif á eru:

- Náttúrufar – jarðmyndanir, gróður og vatnafar
- Loftslag – loftgæði og losun gróðurhúsalofttegunda
- Samfélag – útivist, atvinnulíf og innviðir svo sem veitu- og vegakerfi
- Auðlindir – jarðefna- og vatnsnotkun, landslag, verndarsvæði og útivist

Við mat á áhrifum markmiða og stefnumiða á tiltekna umhverfisþætti er stuðst við matsspurningar og viðmið, sjá töflu 4.1. Í samræmi við niðurstöður matsspurninga og hvernig þær falla að viðmiðum er lagt mat á vægi umhverfisáhrifa. Flokkun umhverfisáhrifa er eftirfarandi:

Mjög neikvæð (--)	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Mjög jákvæð (++)
Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa mikið, er í samræmi við öll viðmið.

Mjög neikvæð áhrif eru skilgreind ef eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við: Áhrif eru varanleg, skapa hættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið, ná til stórs svæðis og /eða mikils fjölda fólks, gengur gegn stefnumiðum stjórnvalda, lögum og reglum, alþjóðlegum samningum eða öðrum áætlunum sem í gildi eru.

Ef áhrif eru metin neikvæð eða mjög neikvæð er brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Niðurstöður umhverfismats nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif.

Í umhverfismatinu verða metin áhrif á náttúrufar, loftslag, hljóðvist, samfélag og auðlindir. Sjá töflu 4.1. yfirlit yfir umhverfisþættina, helstu matsspurningar og þau umhverfisviðmið sem stuðst verður við.

Í töflu 4.1 er yfirlit yfir þá umhverfisþætti sem verða til skoðunar í skipulagsvinnunni.

Tafla 4-1 Yfirlit yfir umhverfisþætti og matsspurningar

Umvhverfisþáttur	Matsspurning	Viðmið
1. Náttúrufar		

Umhverfisþáttur	Matsspurning	Viðmið
1.1 Jarðfræði og jarðmyndanir	Hefur áætlun áhrif á: ○ Viðkvæm svæði? ○ Svæði eða stakar jarðmyndanir með verndargildi?	<ul style="list-style-type: none"> Umhverfisstefna Sveitarfélagsins Ölfuss Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 Samráð: Umhverfisstofnun
1.2 Vatnafar	Hefur áætlun áhrif á: ○ Vatnsverndarsvæði (brunn-, grann- eða fjarsvæði)?	<ul style="list-style-type: none"> Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Heimsmarkmið Sp, sbr. 6 og 6.3, 6.4. Samráð: Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
1.3 Lífríki (gróður og dýr)	Hefur áætlun áhrif á: ○ Mikilvæg búsvæði? ○ Mikilvæg gróðursvæði? ○ Vistgerðir með hátt verndargildi? ○ Lífríki í fjöru og sjó? ○ Votlendi? ○ Líffræðilegan fjölbreytileika?	<ul style="list-style-type: none"> Umhverfisstefna Sveitarfélagsins Ölfuss Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúruverndaráætlun 2004-2008 /2009-2013. Ríósamningur um líffræðilegan fjölbreytileika, Bernarsamningur um verndun búsvæða. Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi (Kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands). Heimsmarkmið Sp, sbr. 15 líf á landi. Samráð: Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun.
2. Loftslag		
2.1 Loftgæði	Hefur áætlun áhrif á: ○ Loftgæði?	<ul style="list-style-type: none"> Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði fyrir Ísland. Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020. Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði. Samráð: Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
2.2 Losun gróðurhúsalofttegunda	○ Gerir áætlun ráðstafanir vegna loftlagsbreytinga? ○ Hefur áætlun áhrif á losun gróðurhúsa lofttegunda frá starfsemi, landnotkun og samgöngum í sveitarfélaginu?	<ul style="list-style-type: none"> Heimsmarkmið Sp, sbr. 7 Sjálfbær orka, 13 Aðgerðir í loftlagsmálum. Aðgerðaáætlun í loftlagsmálum 2018 - 2030
3. Hljóðvist		
3.1 Hljóðstig	○ Er stefna og framfylgd skipulags líkleg til að breyta hljóðvist á svæðinu? ○ Verður hljóðvist í samræmi við viðmið í reglugerðum?	<ul style="list-style-type: none"> Upplýsingar um hávaða frá borholum við borun og afkastamælingar (blástur) og nýtingu. Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.
4. Samfélag		
4.1 Samgöngur	Hefur áætlun áhrif á: ○ Umferðarmagn - þungaflutninga? ○ Þjónustustig vegakerfis?	<ul style="list-style-type: none"> Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020. Heimsmarkmið Sp, sbr. 9.1, 9.4 Samráð: Vegagerðin.
4.2. Atvinnulíf	Hefur áætlun áhrif á: ○ Fjöldi starfa? ○ Tegund /samsetningu starfa?	<ul style="list-style-type: none"> Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 Heimsmarkmið Sp, sbr. 8.1, 8.2 og 9.2, 9.4. Atvinnuþátttaka og atvinnuleysi. Gögn frá Hagstofu, Vinnuálastofnun, sveitarfélögum
4.3 Menningarminjar	Hefur áætlun áhrif á:	<ul style="list-style-type: none"> Lög nr. 80/2012 um menningarminjar

Umhverfisþáttur	Matsspurning	Viðmið
	<ul style="list-style-type: none"> ○ Fornminjar? ○ Búsetu /menningar-landslag? 	<ul style="list-style-type: none"> • Samráð: Minjastofnun.
5. Auðlindir		
5.1 Landrými	Hver er landnýting: <ul style="list-style-type: none"> ○ Umfang iðnaðarsvæðis? ○ Nýting landrýmis (nýtingarhlutfall) og samgöngur? 	<ul style="list-style-type: none"> • Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 • Heimsmarkmið SP, sbr. 15 líf á landi,
5.2 Verndarsvæði og útivistarsvæði	Hefur áætlun áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> ○ Útivistarsvæði? ○ Aðgengi að útivistarsvæðum? ○ Verndarsvæði? 	<ul style="list-style-type: none"> • Heimsmarkmið SP, sbr. 11.4, 11.7 og 15 • Náttúruminjaskrá • Náttúruverndaráætlun • Samráð: Umhverfisstofnun
5.3 Landslag/ásýnd	Hefur áætlun áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> • Náttúrulegt landslag? • Landslagsheildir sem teljast mikilvægar skv. lögum um náttúruvernd 	<ul style="list-style-type: none"> • Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. •

4.2 Valkostir


Við mótun vinnslutillögu að breytingu aðalskipulags verður tekin afstaða til staðsetningar og umfangs fyrirhugaðs iðnaðarsvæðisins og orkuvinnslunar.

Í umhverfismatinu verða tveir valkostir til samanburðar og skoðunar:

- Breytt skipulag, þ.e. nýtt iðnaðarsvæði fyrir orkuvinnslu og ákvæði um landnotkunina.
- Núllkostur, þ.e. að stefna um landnotkun á svæðinu haldist óbreytt samkvæmt gildandi aðalskipulagi.

Skilgreining lagnaleiðar frá virkjun af heiðinni felur í sér samanburð leiða, sbr. mynd 3-1:

- Lagnleið austur fyrir Geitafell, meðfram Þorlákshafnarlínu 2 frá Hellisheiði.
- Lagnleið suður og vestur fyrir Geitafell og þaðan meðfram Þorlákshafnarlínum 2 og 3.



Mynd 4-1 Valkostir til skoðunar um lagnaleiðir frá virkjunarsvæði. Bláar örvar sýna valkosti um legu austur eða vestur fyrir Geitafell

4.3 Mat á umhverfisáhrifum Ölfusvirkjunar

Framkvæmdin er undir stærðarviðmiðum samkvæmt t.l. 3.02 í viðauka 1 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og er því ekki matsskyld. Í töluútlöndum segir að öll orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira og jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafli eða meira séu í flokki A, en slíkar framkvæmdir eru ávallt matsskyldar. Fyrirhuguð framkvæmd verður hins vegar með 9,8 MW uppsett rafafli og 49,5 MW uppsett varmaafli.

Engu að síður er það álit framkvæmdaraðila, Reykjavík Geothermal, að framkvæmdin eigi að sæta umhverfismati, einkum vegna staðsetningar á vatnsverndarsvæði og áhrifa á eldhraun sem njóta sérstakrar verndar náttúruverndarlaga nr. 60/2013. RG telur mikilvægt að nýta matsferlið til að lágmarka umhverfisáhrif og kynna framkvæmdina fyrir hagsmunum aðilum.

Tl.	Lýsing	Flokkur
3.02	Öll orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira. Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafli eða meira.	A

Gert ráð fyrir að umhverfismati framkvæmdar ljúki með álitni Skipulagsstofnunar í árslok 2023 /byrjun árs 2024.

Upplýsingar og gögn úr umhverfismati framkvæmdar verða nýtt við vinnslu aðalskipulagsbreytingar, deiliskipulag og umhverfismat skipulagstillagna.

5 Kynning og samráð

5.1 Skipulagsferlið og helstu áfangar

Drög að tímaáætlun fyrir vinnu og afgreiðslu tillögu að aðalskipulagsbreytingu má sjá hér að neðan. Gert er ráð fyrir að skipulagslýsingin verði kynnt í ágúst 2023. Vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingar liggi fyrir til kynningar í október 2023. Eftir yfirferð Skipulagsstofnunar og afgreiðslu bæjarstjórnar verði tillaga að breytingu aðalskipulags ásamt deiliskipulagstillögu auglýstar í des.-jan. 2024. Unnið verði úr athugasemdum og umsögnum og tillögur teknar til endanlegra afgreiðslu í bæjarstjórn í mars 2024 og sendar til staðfestingar Skipulagsstofnunar.

Þá er áætlað að aðalskipulagsbreyting hljóti staðfestingu Skipulagsstofnunar í júní 2024 og taki gildi. Stefnt er því að deiliskipulag verði unnið samhliða og samþykkt samhliða aðalskipulagsbreytingu.



5.2 Umsagnaraðilar

Helstu umsagnaraðilar sem gert er ráð fyrir að lýsing, vinnslutillaga og skipulagstillagaverði send til sérstaklega, eru eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Orkustofnun
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Veðurstofa Íslands
- Forsætisráðuneyti
- Kópavogsbær
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Landsnet
- Náttúrufræðistofnun Íslands